

Lá

Yfirlit yfir nágrenni

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Fyrir austan bæinn í Neðri-Lá fellur lækur í alldjúpum farvegi. Á eystri bakka lækjarins eru allmiklar og fornlegar tóftir, eru þær í tvennu lagi, milli þeirra er laut, sem liggur neðan frá sjónum og nær jafnlangt upp og efri endi tóftanna. Lautin er um 3 metrar á breidd og er lík því að hafa verið tröð. Laut þessi er kölluð Goðagangur. Að vestan við lautina eru allmiklar rústir. Gætu þær verið af bæjarhúsum, er þar allmikil upphækkun, sem bendir til þess að þar hafi oft verið byggt upp. Fyrir austan lautina eru hinar tóftirnar – eru þær líkar að útliti, en nokkru minni, hún er kölluð Goðatóft. Ofan á hana hafa á síðari tímum verið byggðir tveir kofar, hesthús eða þess háttar. Við það hefur tóft þessi skemmt mjög og því verra að átta sig á hvaða bygging þar hefur verið. Ef hér er um hoftóft að ræða hefur það verið allstórt, um 20-25 metra á lengd og snúið frá norðri til suðurs. Þriðja tóftin er um 18 metrum sunnar og neðar (nær sjónum) en 25 metra austur frá Goðagang, snýr hún og frá norðri til suðurs, undan brekkunni, hún er í nokkrum halla. Garðlag er að nokkru um þess tóft. Sjálf er tóftin 14 metra á lengd og 6 metra á breidd, dyr hafa verið á suðurgafli. Skammt inn frá dyrunum virðist hafa verið þverveggur og breiðar dyr á honum beint inn frá ytri dyrunum, þverveggur þessi er óglöggur. Tóft þessi er kölluð Bænhústóft. Garður hefur verið um hana að norðan og að mestu leyti að austan, þannig að vesturveggurinn heldur áfram norður eftir 5,60 metra, beygist þá til austurs er norðurveggurinn nokkuð bogadreginn, er hann 13 metrar, austurveggurinn er 15 metrar en suðurveggurinn 7 metrar. Kemur hann í austurvegg hústóftarinnar nokkru fyrir sunnan miðju hans.

Neðri-Lá er allstór jörð, eftir því sem jarðir eru í Eyrarsveit, og hefur hún upphaflega verið aðaljörðin, en snemma hefur orðið þar tvíbýli og annar bær byggður

ofar, nær fjallinu Stöð (Brimlárhöfða), var hann nefndur Efri-Lá (hún er nú í eyði), hjáleigur eru og þrjár: Mýrarhús, Krókur og Lárkot. Lá á land út um Stöð og suður í fjall, Lárdal mest allan, sem er mikið land og gott.

Landnáma segir að Herjólfur hokinrazi hafi numið land frá Búlandshöfða til Kirkjufjarðar, sem mun vera sami fjörðurinn sem nú er kallaður Grundarfjörður, fremur en vogur sá eða fjörður, sem nú er kallaður Hálsvaðall og skerst inn úr Grundarfirði vestanverðum, utarlega, hann fjarar að þurru um fjörur. Á nesinu sem er milli fjarðanna er hamrafell allhátt, sem Kirkjufell heitir, líkist það risavöxnum turni og er líklegt að landnámsmönnum er komið hafa til vesturlanda og séð kirkjur þar, hafi dottið í hug kirkja eða kirkjuturn, er þeir sáu fellið, og þá gefið því þetta nafn, er ég ætla að sé hið upphaflega nafn þess, en ekki fyrst til komið eftir að kristni var lögtekin og kirkja byggð þar, sem líkur benda til að verið hafi og ég mun síðar geta um. Eins og áður er getið, ætla ég Grundarfjörð vera hinn sama fjörð og í Landnámu er nefndur Kirkjufjörður og er talinn austurtakmark á landnámi Herjólfis. Um það, hvað skildi landnám þeirra Herjólfis og Vestars Þórólfssonar á Öndverðareyri, er ekki nákvæmara sagt frá en að Vestar hafi numið Eyrarlönd og Kirkjufjörð og Herjólfur á milli Búlandshöfða og Kirkjufjarðar. Mér þykir líklegt, að á sú, er heitir Kirkjufellsá og fellur í Grundarfjörð vestanverðan, nokkru fyrir austan Kirkjufell, hafi skilið landnám þeirra, áin er allvatnsmikil og því glöggt og greinilegt landamerki.

Á þessu svæði, landnámi Herjólfis, er einhver fegursti og byggilegasti bletturinn þar sem Lá stendur. Bærinn er í mjög stórum og fögrum hvammi sunnan undir fjallinu Stöð (Brimlárhöfða), er þar skjól í norðan og austan átt. Að suðvestan er stór vogur, sem kallaður er Lárvaðall, er hann að vestan að mestu lokaður af rífi, sem gengur frá suðurlandinu, en að norðan, eða Lármegin, er ós, sem heitir Lárós. Frá Lá var útræði, var lendingin niður undan bænum, sem stendur skammt upp frá sjónum. En sæta verður sjávarföllum, því ósinn er straumharður og vaðallinn er að mestu þurr um fjörur. Af þessu, sem ég hefi talið, hygg ég að bær Herjólfis hokinraza hafi staðið þar sem hinar áður umgetnu tóftir eru og að Lá sé landnámsjörðin og að eystri tóftin hafi verið hof hans, sú sem nú er nefnd Goðatóft. Að lokum skal ég geta þess, að sú sögn hefur fylgt örnefninu Goðagang, að eftir honum hafi goðunum verið ekið til sjávar og þvegin þar fyrir blótveizlur.

Við Kirkjufell, sem er bær austan undir samnefndu felli og áður er getið um, er bungumynduð flöt suður frá bænum, sem nú er kölluð Magáll, liggur hún austur á sjávarbakkann, af bakkanum hefur sjór brotið allmikið; við það hefur komið í ljós hleðsla og einnig hafa mannabein komið úr uppbotinu. Er sennilegt að kirkja hafi fyrrum verið í Kirkjufelli og staðið þar sem nú er flötin og hleðslan forn kirkjugarður.

Nokkrum spöl fyrir utan bæinn Höfða í Eyrarsveit gengur höfði eða hjalli norður úr aðalfjallgarðinum í sjó fram, fremst á honum er standberg 37 metra hátt. Höfði þessi er kallaður Sætrin. Austan undir Sætrunum skammt frá sjávarbakkanum, sem þar er nokkuð hár, eru fornlegar rústir, eru þar þrjár, sem sér fyrir, en mjög óglöggar, en geta hafa verið fleiri, því umhverfis rústirnar er stórþýfi. Austasta rústin er stærst. Frá Höfða eru rústir þessar kallaðar Fornibærinn. Skammt austur frá stærstu rústinni fellur lækur, sem Biskupslækur heitir. Hefur hann verið vatnsból býlisins og austasta rústin leifar bæjarins. Í hlíðinni upp frá rústunum liggur þjóðvegurinn út í Búlandshöfða. Beint upp af rústunum er allstór steinn fast við veginn. Steinninn er flatur að ofan og ferhyrndur. Ofan á honum eru nokkrir smásteinar. Steinn þessi heitir Líksteinn. Sú sögn er um stein þennan, að þegar lík Þórgunnu frá Suðureyjum var flutt frá Fróðá og suður til Skálholts, hafi þeir, er fluttu líkið, áð við steininn og sett kistuna á steininn. Á Þórgunna að hafa svo um mælt, að enginn, sem gerði bæn sína við Líkstein, mundi farast í Búlandshöfða. Við Líkstein er áningastaður flestra er fara um Búlandshöfða, hvort sem er farið er út yfir höfðann eða komið að utan.

Fyrir utan Sætrin gengur fram grasivaxinn láglendur og sléttur oddi, sem heitir Búland. Í því eru fornar verbúðarústir. Innanvert (austanvert) í Búlandinu við Sætraklettana var vör, sem enn sér fyrir á stöku stað í fjörunni, sem þar er allstórgrytt. Að utanverðu, milli Búlandsins og Búlandshöfðaklettanna, er lítill vogur, sem Búlandsvogur heitir. Var eftir áttum lent ýmist í vörinni eða voginum. Sagt er, að sá, er seinastur var formaður í Búlandi, hafi heitið Björn blátönn og verið frá Skarði á Skarðsströnd.